

Nd.

317. Nefndarótt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 57, frá 22. nóv. 1907, um vegi.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir haft frv. þetta (þskj. 165) ásamt breytingartillögu á þskj. 195 til athugunar og gerir hjer með grein fyrir þeirri niðurstöðu, er hún hefir komist að um mál þetta.

Frv. á þskj. 165, sem er flutt af þingmönnum Árnesinga, lýtur að því að ljetta viðhaldskostnaði flutningsbrautar frá Ingólfsfjalli austur að Þjórsárbrú af sýslufjelaginu, svo og viðhaldskostnaði Ölfusár- og Þjórsárbrúa, hinnar síðarnefndu af sýslufjelagi Rangárvalla, og láta ríkið taka þann kostnað á sínar herðar.

Brtt. á þskj. 195, frá þingm. Mýramanna og Borgfirðinga, bætir við brautinni frá Borgarnesi að vegamótum hjá Haugum, er ríkið taki að sjer á sama hátt.

Nefndinni var það þegar ljóst, að með frv. var farið fram á rjettmæta og sanngjarna lagabreytingu, og aðhyllist því óskift frv. með þeirri greinargerð, sem fylgdi frá flutningsmönnum. Vegamálastjóri, sem nefndin kvaddi sjer til ráðuneytis um frv., hefir eindregið tjáð sig samþykkan frv. og brtt. Hefir hann skrifað itarlegt álitsskjal um frv., og telur nefndin það bestu greinargerðina við frv., þar sem hún er því að öllu leyti samþykk. Hljóðar skjal vegamálastjóra á þessa leið:

»Út af framkomnu frumvarpi á þskj. 165 og breytingartillögu á þskj. 195, um viðhald Flóavegar og Borgarfjarðarbrautar, þykir mjer ástæða til þess að gera ráðuneytinu grein fyrir afstöðu minni til þeirra breytinga, sem tjeðar tillögur fara fram á.

Tillögur þessar fara fram á:

1. Að ljetta viðhaldi Flóavegar af sýslusjóði og leggja það á rikissjóð.
2. Að ljetta viðhaldi Borgarfjarðarbrautar frá Borgarnesi að vegamótum hjá Haugum af sýslusjóðum Mýra- og Borgarfjarðarsýslna og leggja það á rikissjóð.

Jeg hefi þegar verið hjá samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis og skýrt nefndinni frá, að jeg sje báðum tillögnum meðmæltur og ástæðum mínum fyrir þeirri skoðun.

Skal jeg fyrst vikja að viðhaldi Flóavegar.

Umferð um Flóaveg hefir vaxið mjög á síðastliðnum árum, að miklu leyti fyrir sífeldan straum bifreiða alt sumarið með utansýsluferðafólk.

Umferð um Helligshéiði hefir verið talin nú í nærfelt ár, og kemur í ljós, að ársúmferðin hefir tvöfaldast á síðastliðnum 10 árum. Hafa farið þar 4 sumarmánuðina á mánuði um og yfir 1000 bifreiðar, en kerruumferðin er að meðaltali 700 kerrur á mánuði alt árið. Umferð um Flóaveg hefir að visu ekki verið talin, en mun vart vera minni en um Helligshéiði, að neinu muni.

Er augljóst, að slík umferð veldur afarmiklu sliti á vegunum, enda eru þeir ædiviðhaldsfrekir. Flóavegurinn var 1919 orðinn svo gerspiltur, að Alþingi samþykkti eftir tillögum mínum að endurbyggja hann á næstu árum og kosta það að $\frac{2}{3}$ úr rikissjóði móti sýslusjóði Árnassýslu. Hefir undanfarin 3 ár verið varið um 90 þús. kr. úr rikissjóði til endurbyggingarinnar, en í ár er engin fjárveiting, og væntanlega heldur ekki næsta ár. En endurbyggingunni er þó ekki lokið, og má naumast verða hlje á framkvæmdum lengur en til 1925. Vegurinn er nú kominn í viðunandi ástand og þeir kaflar, sem endurbyggðir hafa verið, þurfa fyrstu árin lítið sem ekkert viðhald, en aðrir kaflar brautarinnar talsvert, þannig að ætla má í ár og næstu ár alt að 5 þús. kr. til viðhalds. Að fullgera endurbygginguna kostar ekki minna en 50 þús. kr. Þá er henni er lokið, má búast við, að árlegt viðhald kosti 4—5 þús. kr.

Aðstaðan um viðhald Flóavegar er svo, að mól og grjótt verður að flytja um langan veg, svo langt, að flutningur verður alt of dýr með hestkerrum, en verður að nota bifreiðar þær, sem vegamálastjórnin hefir. Þá mun og stundum þurfa valtara og jafnvel mulningsvjel.

Leiðir af þessu, að framkvæmd viðhaldsins verður í höndum vegamálastjóra. Eigi nú sýslunefnd að veita fjed, er það venjulega svo við nögl skorið, að ekki nægir til góðs viðhalds. Þannig fór jeg í vetur fram á alt að 5 þús. kr. til viðhaldsins í ár, en sýslunefndin veitti 3 þús. kr., sem er öldungis ónógt, því jafnfjölfarinn vegur sem þessi þarf að fá stöðugt viðhald mestan hluta ársins, enda borgar sig betur í bráð og lengd. Að visu heimila vegalögin að láta framkvæma fullnægjandi viðhald á kostnað sýslusjóðs, en verði gripið til þess, þá fæst það sje ekki endurgreitt, því sýslusjóður hefir ekkert að greiða með.

Þá er að líta á það atriði, hversu Árnassýslu er íþyngt með vegabóta-kostnaði. Meðlagt sendi jeg skýrslu um viðhaldskostnað Flóavegar og Eyrarbakkaþrautar m. m. undanfarin ár. Ber yfirlitið með sjer, að síðari árin fram til 1920 hefir um 45% af gjöldum sýslusjóðs verið varið til vegabóta, en síð-

ustu árin þrjú um 30 þús. kr. árlega, sem er að heita má jafnmikil upphæð og öll gjöld sýslusjóðsins. Úr sýslusjóði er að visu ekki greidd svo há upphæð þessi 3 ár, því stofnað hefir verið til skuldar við rikissjóð, að upphæð rúmar 40 þús. kr. Er ljóst, að slík gjöld til vegabóta að eins eru sýslufjelaginu ofviða, en lakast er þó, að allir peningarnir, að heita má, fara tii viðhalds eldri vegum, og er þó brýn þörf nýrra aktærra vega í ýmsum hreppum sýslunnar, en þeir verða auðvitað að sitja á hakanum fyrir viðhaldinu.

Af eldri vegum er Skeiðavegurinn og Eyrarbakkabrautin sjerstaklega frek til viðhaldsins. Veldur þar um bæði mikil umferð og erfið aðstaða um efni til viðhalds. Var nú síðastliðið ár byrjað á endurbygging Eyrarbakka-brautar og til þeirra framkvæmda greitt úr sýslusjóði tæpar 13 þús. kr.

Fyrir 3 árum var fullgerð Grimsnesbraut að Brúará, um 35 km. að lengd, og fullnægir því skilyrðum vegalaganna um afhendingu til sýslufjelagsins, enda meginkafinn þegar fullnægt þeim kröfum í mörg ár. En jeg hef, svo sem ráðuneytinu er kunnugt, ekki sjeð mjer fært að gera tillögu um, að afhending fari fram, með því að jeg hefi sjeð fram á, að viðhaldið mundi verða ónógt, og brautin því ganga úr sjer. Hefir því jafnan árlega verið varið nokkru fje, jafnvel eitt árið alt að 10 þús. kr., af fjárveitingunni til Grimsnesbrautar að eins til viðhalds eldri köflum.

Lög þau, sem nú eru afgreidd frá Alþingi um sýsluvegasjóði, breyta að visu til muna aðstöðu sýslufjelagsins, þar sem þau gera sýslunni kost á að fá riflegan styrk úr rikissjóði til vegabóta, jafnvel um 12 þús. kr. á ári, samkvæmt áætlun minni, gegn 20 þús. kr. úr sýsluvegasjóði. Mætti því halda, að því síður væri ástæða til þess að ljetta af sýslunni viðhaldi Flóavegarins, en þá ber þess að geta, að með sýsluvegasjóðslögunum er í rauninni þegar ljett af viðhaldinu að $\frac{2}{3}$ hlutum, og hefir því hjer umrædd lagabreyting ekki nema eins þriðjungs kostnaðarauka í för með sjer af því, sem í fljótu bragði virðist. Jafnframt þykja mjer aðrar ástæður vega svo þungt í þessu máli, að rjettmætt sje, að tjeð breyting nái fram. Sjerstaklega á jeg við slit vegarins fyrir almenna ferðamannaumferð, örðuga aðstöðu um viðhaldið og þá, að Árnassýsla hefir auk Flóavegarins svo miklar vegaparfir, að fullerfitt mun reynast að leggja og halda við nauðsynlegustu innansveitarvegum, þó þessi verði undanskilinn

Þá skal jeg vikja að breytingunni um viðhald Borgarfjarðarbrautar.

Kaflinn frá Borgarnesi að vegamótum hjá Haugum er 20,8 km. að lengd og var gerður á árunum 1902—1908. Frá Haugum liggur þjóðvegurinn norður, inn Norðnrárdal og Holtavörðuheiði. En 3 km. frá Borgarnesi eru vegamót Stykkishólmsvegar og 11,8 km. frá Borgarnesi vegamót Hvitárbrautar, sem nú er verið að leggja um Ferjukot og Hvitárvelli á þjóðveginn norðan við Hestháls. Um þennan kafla fer því að heita má öll umferð að Borgarnesi, sem mjög hefir aukist hin síðari ár.

Viðhald Borgarfjarðarbrautar er kostað að $\frac{2}{3}$ af Borgarfjarðarsýslu, en að $\frac{1}{3}$ af Mýrasýslu. Samkvæmt greinargerð, er fylgdi lagafrumvarpinu um sýsluvegasjóði, er gert ráð fyrir, að vegagjöld Mýrasýslu verði svo mikil, að fasteignaskatturinn nemi $5\frac{1}{2}\%$, sem er langhæst allra sýslna. Í Borgarfjarðar-

sýslu er skatturinn áætlaður $3\frac{1}{2}\%$. Með þeim lögum er því $\frac{2}{3}$ hlutum af viðhaldskostnaði Borgarfjarðarbrautar ljett af sýslusjóði Mýrasýslu, og koma þá til greina að nokkru leyti sömu ástæður og fyr taldar um Flóaveg, sjerstaklega þungar byrðar Mýrasýslu vegna annara vegabóta og viðhalds og svo alltilfinnanlegt slit vegna umferðar langferðamanna i bifreiðum.

Virðingarfylst.

Geir G. Zoëga.

Til
atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins«.

Þótt nefndin álitir ástæðurnar til að ljetta vegaviðhaldinu af sýslufjelaginu allra brýnasta að því er Flóavegin snertir, getur hún vel fallist á, að af svipuðum ástæðum sje einnig rjett að samþykkja brtt. á þskj. 195, að því sem Borgarnesbrautina snertir.

Vegamálastjóri lætur ekki sjerstaklega i ljósi álit sitt um viðhald stórbrúnna, er frv. ræðir um, en nefndin álitur ekki síður nauðsynlegt, að rikið taki að sjer viðhald þeirra. Til þess eru hinar sömu ástæður, sem færðar eru fyrir vegaviðhaldinu, að því viðbættu, að nákvæmt eftirlit frá ríkinu er allra nauðsynlegast að því er brýrnar snertir; svo vandfarið er með þá dýrgripi, að viðhald þeirra má ekki vanrækja vegna getuleysis sýslufjelaganna.

Samkvæmt framanskráðu leggur nefndin til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið með framkominni breytingartillögu.

Alþingi, 9. apríl 1923.

Sveinn Ólafsson,
form.

Þorsteinn Jónsson,
ritari.

Lárus Helgason,
framsögumaður.

Þjetur Þórðarson. Sigurður Stefánsson. Magnús Jónsson. H. J. Kristófersson.